

Gjaldskrá

Greiðslur til stuðningsforeldra

1. gr.

Gildissvið

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í 15. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/0218, og 85. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 26. gr. laga um félagsþjónustusveitarfélaga nr. 40/1991.

2. gr.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna

Gjaldskrá	
Flokkur	Greiðsla á sólarhring
1	50.465 kr.
2	39.052 kr.
3	33.072 kr.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru skattskyldar verktakagreiðslur en draga má frá kostnað samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra.

3. gr.

Fyrirkomulag greiðslna

Sveitarfélagið Hornafjörður greiðir stuðningsfjölskyldu barns þóknun fyrir hvern sólarhring sem barnið dvelur hjá fjölskyldunni. Greiðslur eru stigskiptar eftir umfangi fötlunar og/eða umönnunarþörf.

Greiðslur til stuðningsforeldra fatlaðra barna taka mið af umönnunarflokki barnsins samkvæmt Tryggingastofnun ríkisins¹ og niðurstöðum SIS-C mats frá Ráðgjafa- og greiningarstöð. Greiðslur til stuðningsforeldra fyrir dvöl hluta úr sólarhring miðast við hálf og heilt sólarhringsgjald. Fyrir dvöl sem varir í um 7 til 10 klst. einn dag í mánuði greiðist hálfur sólarhringur. Ef dvölin er tvisvar í mánuði þá er greitt fyrir einn sólarhring og þannig koll af kalli.

Sé þjónusta stuðningsfjölskyldna veitt fyrir tilstilli barnaverndarþjónustu fá stuðningsfjölskyldur alla jafna greitt skv. umönnunarflokki nr. 2 hjá Tryggingastofnun ríkisins og þegar þjónusta er veitt fyrir tilstilli félagsþjónustu þá fá stuðningsfjölskyldur alla jafna greitt samkvæmt umönnunarflokki nr. 3. Fjárhæð greiðslna er sem hér segir

4. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þann 1. janúar 2025 og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis.

¹ Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, (1997). **Reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærundur fatlaðra og langveikra barna**, nr. 504/1997. Sótt af: <https://island.is/reglugerdir/nr/0504-1997>